

Sesselja Jónatansdóttir húsmóðir

Afhending 2011/89

Sesselja Jónatansdóttir fæddist þann 10. ágúst 1867 að Þórisstöðum á Svalbarðsströnd, lést þann 18. september 1950.

Sesselja og ólst upp á Þórisstöðum allt fram til 16 ára aldur, en þá réði hún sig í vinnumennsku í Fagranes í Aðaldal til Jóns Halldórssonar. Var hún í Fagranesi í tvö ár en fór þaðan í Garð í Fnjóskárdal í eitt ár. Eftir dvölinu í Garði árið 1887 fluttist hún aftur austur í Aðaldal að Grímshúsum þar sem Benedikt Jónsson átti heima.

Benedikt Jónsson var fæddur þann 21. júní 1864 að Hólmavaði í Aðaldal. Foreldrar hans Guðfinna Jónsdóttir og Jón Jónsson bjuggu þar, að Garði í sömu sveit, Neðribæ í Flatey á Skjálfanda og í Grímshúsum í Aðaldal. Benedikt lést þann 18. desember 1945.

Sesselja og Benedikt giftu sig þann 14. október 1887 og voru í Grímshúsum yfir veturinn. Eftir dvölinu í Grímshúsum fluttust þau í Ytra-Hól í Öngulstaðahreppi í Eyjafirði. Bjuggu þau fyrst á Ytra-Hóli á árunum 1888-1893 en fluttust síðan að Breiðabóli á Svalbarðsströnd og bjuggu þar á árunum 1893-1925. Breiðaból höfðu þau á leigu fyrstu fimm árin, en keyptu síðan jörðina og byggðu hana upp. Sesselja og Benedikt eignuðust 15 börn og 10 af þeim komust upp til fullorðinsára. Á heimilinu bjuggu einnig foreldrar þeirra beggja.

*Túnið var næstum því allt þýft og gaf af sér 65 hesta og bæjarhús mjög hrörlegt. Benedikt stækkaði og sléttaði túnið mikið og girti. Var töðufall orðið 200 hestar, þegar hann lét af búskap 1925. Einnig lagfærði hann öll hús mikið sem ekki veitt af (Árni Bjarnason/ Dagur 14. október 1937).*

Saman héldu þau Sesselja og Benedikt gott og heimili og dætur Sesselju lýsa heimilinu sem kærleiksríku og góðu. Og með dugnaði tókst þeim að ala upp stóran og vænan barnahóp.

*Mamma kenndi okkur bænir og önnur þau fræði, sem þá voru talin nauðsynleg til mannbóta. Oft fóru foreldrar okkar út með okkur og léku sér með okkur, og þá má segja að mamma hafi verið komin talsvert á efri ár. Þau kenndu okkur ýmsa leiki, sem þá þóttu ánægjulegir, og ég*

*vil segja að þessi framkoma þeirra hafi skapað þann samhug sem fjölskyldunni allri, ekki síst okkur krökkunum var mikils virði (Guðfinna Sesselja Benediktsdóttir / Vísir 23.06.1967).*

Afhendingin inniheldur að mestu bréf til Sesselju frá ættingjum í Keflavík, en einnig bréf til hennar frá öðrum aðilum annars staðar af landinu. Einnig er í safninu jólakort, blaðaúrklippur og uppskrifaðar vísur og sálmar.

Afhendingaraðili er Elín Sigurborg Jónsdóttir. Áður hefur safninu borist bréf úr fórum Sesselju nr. G- 289/1-17, afhendingarnúmer 2009/18. Einnig er í fórum Guðmundar Benediktssonar nr. G-283/1-100, afhendingarnúmer 2010/19, bréfasafn sem tilheyrir Sesselju.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

14. maí 2019

Kristín M. Hreinsdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
<b>Sesselja Jónatansdóttir</b>			<b>2011 / 89</b>	
<b>AA-Almennt</b>		-		
2011 - AA / 1	1	-	Jólaort; blaðaúrklippur; uppáskrifaðar vísur; uppáskrifaðir sálmar; minnisþingur; bæklingur frá Arthur Gook, Akureyri.	Ódag-og árssett
<b>AB-Bréf</b>		<b>1916 - 1950</b>		
2011 - AB / 1	1	1948- 1948	Sesselja Jónsdóttir (1918-2003) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Sesselja Jónsdóttir var dóttir Guðfinnu Sesselju Benediktsdóttur.	1 bréf.
2011 - AB / 1	2	1928- 1929	Guðmundur Benediktsson (1907-2001) bréf til foreldra á Breiðabóli, sem hann skrifar þeim heim frá Hvanneyri.	1 bréf.
2011 - AB / 1	3	1948- 1948	Þorbjörg Jónína Guðmundsdóttir (1918-1920) bréf frá henni til tengdamóður sinnar Sesselju Jónatansdóttur. Þorbjörg Jónína var gift Axel Benediktssyni.	1 bréf.
2011 - AB / 1	4	1946- 1947	Benedikt Jónsson (1921-2009) skrifar ömmu sinni Sesselju Benediktsdóttur. Benedikt var sonur Guðfinnu Sesselju Benediktsdóttur.	2 bréf.
2011 - AB / 1	5	1947- 1949	Elínros Benediktsdóttir (1990-1974) skrifar móður sinni Sesselju Jónatansdóttur.	3 bréf.
2011 - AB / 1	6	1947- 1949	Eyjólfur Þór Jónsson ( 1933-) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Guðfinna Sesselja Benediktsdóttir var móðir Eyjólf Þórs.	5 bréf.
2011 - AB / 1	7	1928- 1932	Sigurbjörg Benediktsdóttir (1901-2002) skrifar móður sinni Sesselju Jónatansdóttur.	2 bréf.
2011 - AB / 1	8	1926- 1949	Guðrún Jónatansdóttir ( 1964-) skrifar systur sinni Sesselju Jónatansdóttur.	5 bréf.
2011 - AB / 1	9	1968- 1946	Anna Jónsdóttir (1927-2016) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Anna var dóttir Guðfinnu Sesselju Benediktsdóttur.	1 bréf.
2011 - AB / 1	10	1949- 1949	Magnea Steinunn Þórarinnsdóttir (1934-) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Elínros Benediktsdóttir var móðir Magneu.	1 bréf
2011 - AB / 1	11	1947- 1950	Hólmfríður Jónsdóttir (1937-) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Guðfinna Sesselja Benediktsdóttir var móðir Hólmfríðar (Fríða).	8 bréf.
2011 - AB / 1	12	1947- 1949	Kristján Anton Jónsson skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Guðfinna Sesselja Benediktsdóttir var móðir Kristjáns Antons (Stjana).	3. bréf.
2011 - AB / 1	13	1946- 1946	Sigrún Sigtryggisdóttir (1928-) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Sigurbjörg Benediktsdóttir var móðir Sigrúnar.	1 bréf.
2011 - AB / 1	14	1939- 1939	Anna Kristjana Þórarinnsdóttir (1923-) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Elínros Benediktsdóttir var móðir Önnu.	1 bréf.
2011 - AB / 1	15	1927- 1950	Guðfinna Sesselja Benediktsdóttir ( 1897-1982) skrifar móður sinn Sesselju Jónatansdóttur. Bréf frá Guðfinnu Sesselju til systur sinnar Sigrúnar Benediktsdóttur (Rúna). Bréf frá Guðfinnu Sesselju til systur sinnar Sigurbjargar Benediktsdóttur (Bogga).	13 bréf.
2011 - AB / 1	16	1946- 1947	Eggert Jónsson (1921-2005) skrifar Sesselju Jónatansdóttur. Eggert var maður Guðrúnar Jónsdóttur, Guðrún (Unna) var dóttir Guðfinnu Sesselju Benediktsdóttur.	4 bréf.

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
2011 - AB / 1	17	1949- 1949	Guðrún Jónsdóttir (1921-2016) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur. Guðrún (Unna) var dóttir Guðfinnu Sesselju Benediktsdóttur.	3 bréf.
2011 - AB / 1	18	1949- 1949	Sigurrós Sigtryggsdóttir (1932-) skrifar ömmu sinni Sesselju Jónatansdóttur.	2 bréf.
2011 - AB / 1	19	-	Elínborg Magnúsdóttir skrifar Sesselju Jónatansdóttur.	Óár og dagsett. 2 bréf.
2011 - AB / 1	20	1946- 1950	Þorbjörg Jónína Guðmundsdóttir skrifar Sesselju Jónatansdóttur.	3 bréf.
2011 - AB / 1	21	1947- 1949	Freyja Jónsdóttir skrifar Sesselju Jónatansdóttur.	2 bréf.
2011 - AB / 1	22	1926- 1947	Sigríður Björg Jónsdóttir skrifar Sesselju Jónatansdóttur.	3 bréf.
2011 - AB / 1	23	1949- 1950	Bréf frá Lóu til Sesselju Jónatansdóttur.	4 bréf.
2011 - AB / 1	24	1916- 1949	Bréf til Sesselju frá frænku hennar sem heitir Anna. Bréf til Sigurbjörgu Benediktsdóttur í Sellandi í Fnjóskadal frá Guðbjörgu Davíðsdóttur í Brúnagerði dagsett 1935. Sigurbjörg var dóttir Sesselju Jónatansdóttur. Bréf frá Elínborgu Magnúsdóttur til Sesselju Jónatansdóttur. Bréf frá Jónínu Jónsdóttur til Sesselju Jónatansdóttur. Bréf til Sigrúnar Benediktsdóttur frá Boggu. Bréf frá Axel Benediktssyni til bróður síns. Bréf frá Guðrúnu Agnarsdóttur til Sesselju Jónatansdóttur. Bréf til Sesselju Jóhannsdóttur, ekki hægt að sjá hver sendandinn er. Símskeyti; til Benedikts Jónssonar á Breiðabóli,	8 bréf og 2 símskeyti.